

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 22. nóvember 2012
Tilvisun: UST20121000194/þek

Umsögn - frumvarp til laga um vopn, sprengiefni og skotelda (heildarlög, EES-reglur), 183. mál.

Þann 29. október 2012 sendi Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis Umhverfisstofnun til umsagnar frumvarp til laga um vopn, sprengiefni og skotelda (heildarlög, EES-reglur), 183. mál.

Umhverfisstofnun hefur farið yfir framangreind drög og gerir eftirfarandi athugasemdir:

Gert er ráð fyrir því að ný vopnalög verði útfærð nánar í reglugerðum. Umhverfisstofnun hefur ekki fengið drög að reglugerðum sem settar verða á grundvelli nýrra vopnalaga. Af þeim sökum getur Umhverfisstofnun ekki að öllu leyti metið heildaráhrif frumvarpsins á veiðilöggjöfina. Umhverfisstofnun fer með veiðistjórnun samkvæmt lögum nr. 64/1994, um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og spendýrum. Mikilvægt er að frumvarp til nýrra vopnalaga samræmist gildandi lögum sem varða veiðimenn og veiðistjórnun. Skotvopnaeigendur á Íslandi eru fyrst og fremst veiðimenn, enda einungis lítið brot skotvopnaeigenda sem eru handhafar skotvopnaleyfis í öðrum tilgangi en að stunda veiðar.

Vopnalagafrumvarpið hefur í för með sér miklar breytingar á veiðum og veiðihæfðum á Íslandi. Helst ber þar að nefna þá nýjung að heimilt verður gegn skilyrðum að leyfa börnum að ganga til veiða og stunda skotæfingar í fylgd með forráðamanni. Ekkert aldurstakmark er á slíkri heimild í þeim frumvarpsdrögum sem liggja fyrir.

Víða í veiðilöggjöfinni er vísað til hinna ýmsu stærða og gerða skotvopna. Flokkar skotvopna munu samkvæmt munnlegum upplýsingum frá nefndarmanni verða skilgreindir í reglugerð sem sett verður með stoð í lögunum. Að mati Umhverfisstofnunar þarf að tryggja að við skilgreiningu á þessum flokkum verði gætt samræmis við veiðilöggjöfina.

Að mati Umhverfisstofnunar vantar ákvæði í frumvarpið um námskeið í meðferð og notkun skotvopna. Í frumvarpinu þarf að tilgreina hver skuli halda slík námskeið sé það einn aðili eða hvaða kröfur séu gerðar til þeirra sem haldi slík námskeið séu það fleiri en einn aðili. Umhverfisstofnun telur mikilvægt að fyrirkomulag skotvopnanámskeiða stangist ekki á við veiðikortanámskeið Umhverfisstofnunar. Það er mikið hagræði fyrir hinn almenna borgara að halda skotvopnanámskeið og veiðikortanámskeið í tengslum við hvort annað, enda fara u.þ.b. 95% þeirra sem sækja skotvopnanámskeið einnig á veiðikortanámskeið.

Athugasemdir við einstök ákvæði frumvarpsins.

c-liður 3. mgr. 2. gr.

Ekki er ljóst samkvæmt frumvarpinu hvað við er átt með „sláturdýr“. Skilgreina þarf í 3. gr. orðið „sláturdýr“. Umhverfisstofnun leggur til að stuðst verði við skilgreiningu á sláturdýrum sem er að finna í lögum nr. 96/1997, um eldi og heilbrigði sláturdýra, slátrun, vinnslu, heilbrigðisskoðun og gæðamat á sláturafurðum. Lagt er til að eftirfarandi skilgreiningu verði bætt við 3. gr. frumvarpsins: „Sláturdýr: Sauðfé, nautgripir, hross, svín, geitfé, alifuglar og önnur dýr sem slátrað er til manneldis.“

3. gr.

Skilgreiningu vantar í frumvarpið á því hvað átt er við þegar meindýr og vargur er annars vegar. Mikilvægt er að þessi hugtök séu skýr. Breytilegt er eftir lögum og reglugerðum hvernig meindýr eða vargur er skilgreindur. Í reglugerð 149/1989 um meindýraeyða er átt við rottur og mýs annars vegar, og skordýr og aðra hryggleysingja sem og svartbak og hrafn

f-liður 1. mgr. 3. gr.

Þegar ákveðin kalíber eru „orkumæld“ er að jafnaði talað um slagkraft í stað hreyfiorku. Heppilegra væri því að nota orðið slagkraft í stað hreyfiorku. Í nágrannalöndum okkar og þeim bókum sem gefnar hafa verið út um þetta efni er jafnan verið að lýsa þeim krafti sem leysist úr læðingi þegar skot hafnar í skotmarki í ákveðinni fjarlægð. Er því verið að mæla slagkraft, t.d. við hlaup, á 100 m færi eða 200 m færi sem jafnan er skrifað S_0 , S_{100} eða S_{200} eftir því á hvaða vegalengd slagkrafturinn er mældur (Svíar, Danir, Norðmenn og Finnar nota t.d. „anslagsenergi“ sem þeir skrifa sem E_0 , E_{100} eða E_{200} , og flokka þeir jafnframt hin ýmsu kalíber niður í flokka eftir slagkrafti á 100 m). Orðið hreyfiorka er ekki jafn lýsandi og orðið slagkraftur þegar lýsa skal því sem raunverulega er verið að mæla. Kalíber þurfa að búa yfir ákveðnum slagkrafti til þess að fella dýr fljótt og mannúðlega. Það að kalíber þurfi að búa yfir ákveðinni hreyfiorku til þess að fella dýr mannúðlega er ekki jafn lýsandi. Umhverfisstofnun leggur því til að hugtakið slagkraftur verði notað í stað hreyfiorku. Það að nota júl sem mælieiningu telur Umhverfisstofnun vera vel til fundið í ljósi þess að sú mælieining er notuð í Svíþjóð, Finnlandi, Noregi og Danmörku til að mæla slagkraft.

k-liður 1. mgr. 3. grein.

Liðurinn fjallar um skilgreininguna á riffli. Í skilgreiningunni er gert ráð fyrir því að kúla eða skeyti sem skotið er úr riffli sé jafnsver innanmáli hlaupsins. Bent skal á að riffilkúlu mælast þvermálsmeiri en innanmál hlaupsins sem þeim er skotið úr. Hlaup sem er 6,5 mm að þvermáli t.d. í kalíberinu 6,5x55 er gert fyrir kúlu sem mælist 6,71 mm að þvermáli. Tilgangurinn er sá að kúlan snúist á leið sinni út hlaupið.

2. mgr. 7. gr.

Endurhleðsla kalíbera felur í sér að útbúið er skotfæri í skotvopn. Umhverfisstofnun er ekki kunnugt um að á Norðurlöndunum sé gerð krafa um sérstakt leyfi til endurhleðslu kalíbera sem skotvopnaleyfifshafi hefur þegar leyfi fyrir. Lagt er til að endurhleðsluleyfi og námskeið verði eingöngu bundin við þá sem ætla sér að endurhlaða í atvinnuskyni. Að mati Umhverfisstofnunar ætti enn fremur að forðast matsbundin skilyrði fyrir útgáfu leyfa, sbr. orðalagið „að lögreglustjóri telji umsækjanda hafa til þess nægilega þekkingu“. Færi betur á því að gera skilyrði um setu á námskeiði og próf að því loknu til þess að öðlast leyfi. Jafnframt ætti að kveða á um helstu þætti sem fjalla eigi um á slíku námskeiði ef það er á annað borð haldið.

1. mgr. 14. gr.

Samkvæmt ákvæðinu getur lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu veitt heimildir sem fela í sér undanþágur frá banni 6. gr. afmarkast við hálfsjálfvirkar skammbyssur og hálfsjálfvirka riffla fyrir randkveikt skot. Verslun með skammbyssur og riffla fyrir miðkveikt skot er því alfarið bönnuð. Jafnframt er eiganda óheimilt að selja umrædd skotfæri nema úr landi sbr. 2. ml. 2. mgr. 23. gr. Bent er á að í þessu felst er verið að banna verslun með skammbyssur þær sem minkaveiðimenn hafa fengið sérstaka undanþágu fyrir á undanförunum árum. Umhverfisstofnun telur að þetta þurfi að meta nánar. Flestar þær skammbyssur sem minkaveiðimenn nota eru með miðkveiktum skothylkjum. Bann við skammbyssum með miðkveiktum skothylkjum hefur sömuleiðis í för með sér að ekki verður lengur heimilt að versla með eða veita undanþágu fyrir skammbyssum þeim sem meindýraeyðar hafa notað starfa sinna vegna. Ástæða er til að nefna að heimilt er í dag að nota hálfsjálfvirka riffla við veiðar taki þeir ekki fleiri en tvö skot í skothólf og eitt í hlaup. Slíkir riffilar eru til fyrir bæði miðkveikt og randkveikt skothylki. Í 5. gr. reglugerðar 456/1994 er ekki gerður greinarmunur á haglabyssum og rifflum hvað lásbúnað varðar. Miðað við framangreint er ljóst að bann við verslun með skotvopn fyrir miðkveikt skothylki hefur nokkur áhrif hér á landi og telur Umhverfisstofnun því mikilvægt að þessi áhrif verði metin gagnvart rökum fyrir banninu og þeim markmiðum sem gera verður ráð fyrir að séu til staðar og að ætlunin sé að ná fram með banninu.

3. mgr. 16. gr.

Í 2. ml. er gert ráð fyrir því að lögreglustjóri „kanni hæfi“ leyfishafa. Umhverfisstofnun leggur til að nánar verði tilgreint til hvaða atriða lögreglustjóri eigi að líta við mat á hæfi leyfishafa og hvaða þættir verði til þess að leyfishafi fái ekki endurnýjun. Að mati Umhverfisstofnunar er texti núverandi frumvarps ekki nægjanlega skýr hvað þetta varðar.

h-liður, 1. mgr. 17. gr.

Lagt er til að við þennan lið verði bætt: „Ráðherra setur í reglugerð ákvæði um námskeið þessi og próf.“

6. mgr, 17. gr. (sbr. 4. og 5. mgr.)

Hér er um að ræða mikla breytingu sem hefur fengið litla sem enga umræðu. Að mati Umhverfisstofnunar eru frávík frá aldursskilyrði mjög víðtæk. Í 4. málsgrein er gert ráð fyrir að lögreglustjóri geti veitt heimild til þess að 15 ára og eldri fái skotvopnaleyfi. Svo er að sjá sbr. d-lið 4. mgr. að ætlunin sé að leyfið taki aðeins til skotæfinga en það er ekki nægilega skýrt að mati stofnunarinnar.

Í 6. mgr. er gert ráð fyrir að forráðamaður, nákomin ættingi eða venslamaður geti leyft einstaklingum sem eru yngri en 20 ára notkun skotvopns til skotæfinga og veiða. Verður skotvopnaleyfi til notkunar skotvopns á vettvangi við þær aðstæður óþarft. Í athugasemdunum sem fylgja frumvarpsdrögunum segir: „Þetta er í samræmi við það sem ávallt hefur viðgengist og hefur verið látið óátalið.“ Umhverfisstofnun leggst ekki gegn þessu ákvæði en vekur athygli á að skotveiðar eru almennt óheimilar án veiðikorts og að ekki er um aldurstakmark að ræða þegar sótt er um veiðikort. Að mati Umhverfisstofnunar er því alveg skýrt að einstaklingur undir 20 ára aldri sem fer til veiða með öðrum á grundvelli þessarar heimildar þarf eftir sem áður að vera handhafi veiðikorts. Einnig telur stofnunin rétt að í ákvæðinu sé hnykk á því að eftir 20 ára aldur þarf skilyrðislaust að afla sér skotvopnaleyfis til að halda til veiða. Ef ekki er gefinn kostur á að vera á „æfingaveiðum“ fram eftir öllum aldri.

Umhverfisstofnun telur að einnig þurfi að skýra nánar 5. mgr. sem vísar skv. efni sínu til 4. mgr. Ákvæði 4. mgr. varðar gagnert undanþágu frá skilyrðinu um 20 ára aldur en skv. 5. mgr. á það einnig að gilda um 20 ára og eldri. Í athugasemdum við þessa málsgrein er vísað

til 6. mgr. og vantar því samræmi og nánari skýringu.

19. gr.

Sárafaír skotvopnaleyfishafar eiga fleiri en 20 skotvopn. Af tæplega 30.000 skotvopnaleyfishöfum á landinu eiga á bilinu 60 - 70 fleiri en 20 skotvopn. Ef einn og sami maðurinn er bæði veiðimaður og íþróttaskytta er ekki ólíklegt að lögmæt þörf geti verið á að eiga meira en 20 skotvopn. Umhverfisstofnun leggur til að kröfur verði hertar um geymslu skotvopna þegar komið er yfir ákveðinn fjölda, eða það lagt í hendur lögreglustjóra að veita undanþágur sem byggjast á úttekt á húsnæði og öryggismálum. Vandamál sem tengjast skotvopnum hérlendis eru ekki endilega tengd þessum fáu aðilum sem eiga mörg skotvopn. Fremur er þörf á að auka kröfur varðandi geymslu skotvopna. Lagt er til að breyta þessu ákvæði úr því að vera bann við að eiga 20 skotvopn eða fleiri, í það að gera sömu kröfur um geymslu skotvopna umfram 20 og gerðar eru til skotvopnasafnara.

6. mgr. 23. gr.

Frá árinu 2002 hefur notkun hljóðdempara á riffla færst í vöxt í nágrannalöndum okkar og almennt virðist sú tilhneyging ríkja að slaka á skráningarskyldu og þörf fyrir undanþágur. Fram að 2002 var löggjöfin í Noregi á þann veg að sækja þurfti um sérstaka undanþágu til lögreglustjóra til þess að mega nota hljóðdempara. Um var að ræða sambærilega undanþágu og gildir hér á landi í dag. Árið 2002 breyttu Norðmenn löggjöfinni á þann veg að ekki þurfti lengur undanþágu – nóg var að framvísa skotvopnaskírteini til að kaupa hljóðdempara. Að lokum var löggjöfinni breytt 2009 á þann veg að ekki þarf lengur að skrá né framvísa skírteini til þess að kaupa hljóðdempara. Sala þeirra var gefin frjáls. Eingöngu er bannað að setja hljóðdempara á skammbyssur. Lagaumhverfið gagnvart hljóðdempurum á riffla er sambærilegt í Noregi, Svíþjóð, Finnlandi auk fleiri Evrópulanda. Í Danmörku og Þýskalandi þurfa veiðimenn hinsvegar enn að sækja um sérstaka undanþágu eins og tíðkast hér á landi. Undanþágur þar eru ekki bundnar við meindýraeyða frekar en hér á landi. Hinn almenni veiðimaður nýtir sér kosti hljóðdempara.

Lítil hefð er fyrir notkun hljóðdempara hér á landi sem ætla má að haldist í hendur við litla hefð fyrir veiðum með stórum rifflum. Með aukinni notkun riffla á veiðum og æfingasvæðum má ætla að þörfin fyrir notkun þeirra aukist. Umhverfisstofnun bendir á að ýmis jákvæð áhrif er varða umhverfið skapast af notkun hljóðdempara s.s. heldur minni truflun fyrir fuglalíf og minni áhrif áhrif á hlóðvist almennt.

Skotveiðimenn missa að jafnaði 7% af svonefndri talsviðsheyrn fyrir hver fimm ár sem skotveiðar eru stundaðar að marki samkvæmt erlendum rannsóknum. Þetta er ein ástæðan fyrir aukinni notkun hljóðdempara á rifflum víða erlendis. Hávaði í dæmigerðum veiðiriffli (.308 Win kalíberinu) getur verið um 167 dB. Með hljóðdempara lækkar hávaðinn í 130 dB og veldur mun síður heyrnarskaða. Flestir hljóðdemparar lækka skothvell um 30-40 dB. Miklu munar hvort hvellur er undir eða yfir 140 dB gagnvart heyrnarskaða. Sá misskilningur virðist vera ríkjandi að hljóðdemparar á almenna veiðiriffla geri þá hljóðlausa en raunin er sú að eftir sem áður þarf að nota heyrnahlífar.

Minni líkur eru á heyrnarskemmdum ef hljóðdemparar eru notaðir. Mörgum veiðimönnum þykir óþægilegt að nota eyrnatappa eða heyrnarhlífar vegna þess að þeir eiga erfðara með að heyra umhverfishljóð. Það má því segja að heyrnarhlífar séu settar á skotvopnið en ekki skyttuna. Notkun hljóðdempara þykir sömuleiðis æskileg vegna minni hljóðmengunar fyrir nærstatt fólk, fé og fugla.

Hljóðdempurum er ekki endilega ætlað að deyfa hljóð þannig að ekkert heyrast eins og hægt er að gera með hljóðdeyfum. Hvellurinn hverfur ekki nema notuð séu skotfæri sem fara undir hljóðhraða. Þúðrið sem framkallar hvellinn brennur upp inni í demparanum og þannig verður

hvellurinn lægri. Þegar kúlan rýfur hljóðmúrinn heyrir hinsvegar alltaf langdrægur hvinur eða svipusmellur í skotstefnunni. Hann lækkar ekki og heyrir hæst í skotstefnunni. Er hér gerður greinarmunur á hljóðdempara og hljóðdeyfi.

Bakslag verður minna með notkun hljóðdempara og hefur svipaða verkun og bakslagsdempari. Minna bakslag og minni hávaði skilar sér í minni óþægindum við það að skjóta. Samkvæmt norskum rannsóknum verður hittni skyttunnar betri fyrir vikið sem varðar mannúðarsjónarmið þegar bráð er felld.

Hljóðdemparar gleypa líka púðurblossann við hlaupopið. Skyttan blindast því síður þegar skotið er og sér mun betur hvað gerist við skotið, jafnvel þó skotið sé í rökkri eða myrkri. Þurfi að skjóta aftur er líklegra að skyttan sé fljótari að taka við sér og líkurnar á því að missa frá sér sært dýr minni.


Umhverfisstofnun leggur því til að heimilt verði að útbúa stærri riffla með hljóðdempurum án sérstakrar skráningarskyldu og að slíkt leyfi sé ekki eingöngu bundið við „eyðingu vargs eða meindýra í þéttbýli“ eins og það er orðað í frumvarpinu. Bannað verði hins vegar að nota hljóðdeyfa á skammtbyssur og nota samhliða hljóðdempurum skotfæri sem fara undir hljóðhraða.

l. mgr. 24. gr.

Varðandi það að sýna skotvopnaskírteinið þegar „lögregla eða þar til bær aðili krefst þess“. Orðalag þetta er óljóst þar sem „þar til bær aðili“ er óskilgreint hugtak. Eðlilegra væri að binda þetta t.d. við lögreglu, opinbera eftirlitsaðila með skotæfingum og veiðum og söluaðila skotfæra.

Umhverfisstofnun er reiðubúin til þess að veita frekari skýringar á þeim atriðum sem fram koma í þessari umsögn. Jafnframt er stofnunin tilbúin til þess að koma að samningu reglugerða settum samkvæmt frumvarpinu til þess að tryggja samræmi þeirra við veiðilöggjöfina.

Virðingarfyllt



Sigrún Ágústsdóttir
sviðsstjóri



Stefán Bogi Sveinsson
lögfræðingur